



## E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti		Verkkaupi		Verknúmer
Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Borgarbyggð		
Fundarefni		Fundarstaður		Nr. fundar
Verkfundur		Ráðhús Borgarbyggðar		#4
Fundarboðari	Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Dags. Fundarg.
Guðmundur Danielsson	Guðmundur Danielsson	16/09/2019	9:30	16/09/2019
Fundarmenn		Fyrirtæki		
Börkur Brynjarsson (BB)		SH- Leiðarinn ehf		
Guðmundur Danielsson (GD)		Borgarbyggð		
Gunnlaugur A. Júlíusson (GJ)		Borgarbyggð		
Sigurjón Hallvarðsson (SH)		SH-Leiðarinn ehf		
Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI)		Heflun ehf		
Sævar Eiríksson (SE)		Borgarbyggð		
Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi		Fyrirtæki		
Dreifing		Fyrirtæki		
Fundarmenn				
Dagskrá Fundar		Dagsetning næsta fundar	Tími næsta fundar	
Skv fundarboði		2/10-2019	9:30	
Staða fundargerðar				
<input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárlíðir	Ábyrgð / lags.
1.	<b>Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar</b> Fundargerð síðasta fundar samþykkt með undirritun.	
2.	<b>Útistandandi mál frá síðasta verkfundi</b> GD fór yfir ábendingu um vandamál með lestur á hnitum á GPS gögnum. Málið leystist hjá verktaka.	
3.	<b>Framgangur við þá áfanga sem unnið er við</b> Unnið er við jarðvinnu í áfanga 5. Plæging á milli Kljáfoss og Lundar er lokið og jarðvinna gengur vel að sögn verktaka. búið að setja upp húskassa á 27 tengistöðum.	
4.	<b>Næstu skref og áfangar</b> BB bar upp tillögu um blástur og frágang á áfanga 2 og 3 á þann veg að unnið yrði eftir einingaverðum útboðs og meðferð á prófun röra færri skv. einingaverði blásturs strengja. Að sögn SI er afstaða Heflunar sú að áfanga 2 og 3 séu utan tilboðsverksins og því ekki tilbúinn að vinna við áfangana á grundvelli einingaverða í tilboði. GD og GJ vinna málið áfram í átt að niðurstöðu. Áfangi 4 er næstu skv. verkáætlun verktaka. GD sagði að unnið væri að kortlagningu áfangans og gögn yrðu sent verktaka eins fljótt og kostur er. Unnið er að því að staðsetja endanlega tengimiðjur í Reykholti og Varmalandi og skýrist það mál á næstu dögum. BB bar upp ósk þess efnis að uppgjóri á áfanga 5 yrði skipt í tvo hluta, þ.e. í 5A og 5B. Kaflinn frá Kljáfossi að Efranesi yrði 5A og frá Efra-Nesi að Hjarðarholtslandi og Varmalandi 5B. GD og GJ taka afstöðu til beiðinnar.	GD GJ



#### E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

5.	<b>Önnur mál er varða efni fundarins</b> GD spurðist fyrir um utan um hald og skráningu á afhentu efni skv. útboðsgögnum. BB útbýr skjal á næstu dögum sem verkkaupi hefur aðgang að. Einnig spurði GD um afhendingastað á efni á vegum verktaka. Sl svaraði því til að Reykholt ætti við, sem stendur, varðandi rör og annað efni til jarðvinnu en afhendingastaður kann að færast til í samræmi við gang verksins. SH tiltók Reykholt sem afhendingastað á smáefni en hvar lager er/verður staðsettur kom ekki fram og þarfnast frekari athugunar svo að hægt sé að senda efni á tiltekinn stað.	GD
6.	Sl óskaði eftir því að fá afhent gögn um þá 136 tengistaði og kort af svæðinu sem getið var um í fundargerð sveitarstjórnar frá 13. Júní sl.	
7.	Umræða átti sér stað um næstu áfanga, forsendur við uppröðun á áföngum og hvaða þættir skipta máli til grundvallar í uppröðuninni. BB bar upp hugmynd um að áfangar 8 og 7 yrðu næstir á dagskrá, þ.e. eftir að vinnu við 2,3,4,5 er lokið. Fundarmenn fögnuðu umræðu og óskaði GD eftir því að verktaki uppfærði verkáætlun í samræmi við hugmyndir verktaka um heppilegustu uppröðun áfanga. Veður kann að verða stór áhrifavaldur í uppröðun áfanga og óskaði BB eftir því að áfangi 11 yrði undirbúinn fljótlega og þá á þann veg að unnið yrði út frá fyrirhugaðri tengimiðju í Lyngbrekku. GD skoðar málið.	BB GD
8.	SH óskaði eftir að fá í hendur upplýsingar um strengstærðir og tengimyndir af áfanga 5 (5A og 5B). GD útbýr myndir og sendir verktökum um leið og hugsanlegar breytingar vegna jarðvinnu liggja fyrir.	GD
9.	GD sagði frá fundi GD og GJ með fulltrúum Vegagerðarinnar í Borgarnesi. SE setur sig í samband við Vegagerðina sem tengilið á verkstað.	
10.	Fleira ekki rætt.	

Samþykki verktaka

Samþykki verkkaupa